

Mál nr. 145/2013
M v. A og
Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar R

Umferðaróhapp þegar bifreið ók ofan í brunn á gatnamótum Bústaðavegar og Óslands í Reykjavík þ. 6.3.2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. ásamt fylgiskjöllum 1-5
2. Bréf Tryggingamiðstöðvarinnar dags. 15.3.2013 og 22.4.2013.
3. Bréf Úrskurðarnefndar í Vátryggingamálum dags. 17.4.2013.

Málsatvik.

M segist hafa ekið A ofan í opinn brunn á gatnamótum Bústaðavegar og Óslands og hafi A orðið fyrir tjóni. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu R hjá V en starfsmenn R hafi mokað upp umgjörð í kringum brunninn sem hafi brotnað. V tekur fram að það hafi ekki hafnað bótaskyldu í málinu heldur óskað eftir frekari upplýsingum m.a. um fjárhæð tjónsins, en þeirri beiðni V hafi ekki verið svarað. V krefst ekki frávísunar málsins frá Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum vegna þessa. V bendir á að ábyrgð vátryggðs á tjóninu fari eftir almennum skaðabótareglum og ökumaður vinnuvélar þeirrar sem í hlut átti hafi ekki tekið eftir því þegar tjónið varð enda skyggni lélegt og aðstæður erfiðar í umrætt sinn. V telur því að ökumaður vinnuvélarinnar hafi ekki sýnt af sér saknæma háttsemi enda unnið við mokstur með hefðbundnum hætti í slæmu veðri og ekki vikið frá neinum reglum varðandi framkvæmd verksins.

Álit.

Ekki hafa verið færðar sönnur á að ökumaður vinnuvélarinnar sem annaðist um mokstur í umrætt sinn hafi vitað af því að umgjörð í kringum umræddan brunn hafi brotnað eða hagað vinnu sinni með þeim hætti að hann beri skaðabótaábyrgð. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu R hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu R hjá V.

Reykjavík 7.5.2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.